

ursölukröfuna sem gnóttstöðu og flokka hana á sama hátt og eign í ríkisskuldabréfum með 0% nafnvöxtum.

Áhættugrunn vegna mótaðilaáhættu endurhverfra viðskipta skal reikna í samræmi við ákvæði 35. gr.

7. Afleiðusamningar tengdir hlutabréfavísitölu.

Fjármálaeftirlitið getur heimilað fyrirtæki að við útreikning á nettóstöðu í verðbréfi, sbr. 24. gr., sé staðlaður framvirkur samningur sem tengdur er hlutabréfavísitölu sundurliðaður í stöður í sérhverjum þeim hlutabréfum sem vísitalan er reiknuð út frá.

Ennfremur getur Fjármálaeftirlitið heimilað fyrirtæki að undanskilja afleiðusamninga, sem tengdir eru fjölþættri hlutabréfavísitölu, við útreikning á sérstakri stöðuáhættu hlutabréfa, sbr. 30. gr.

REGLUR

um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum.

1. gr.

Reglur þessar taka til lánveitinga, verðbréfaeignar, eignarhluta og veittra ábyrgða fjármálafyrirtækis vegna einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila svo og annarra skuldbindinga sömu aðila gagnvart fjármálafyrirtækinu, hér eftir nefndar áhættuskuldbindingar, og mats á áhættu vegna slíkra skuldbindinga. Reglurnar taka einnig til samstæðu fjármálafyrirtækis og móður- og dótturfyrirtækja.

2. gr.

Í reglum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Áhættuskuldbinding: Eignaliðir og liðir utan efnahagsreiknings sem um getur í A, B og C liðum viðauka I með reglum þessum, þó ekki eignaliðir sem dragast frá eigin fé samkvæmt eiginfjárákvæðum laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Eigið fé: Eigið fé samkvæmt eiginfjárákvæðum laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, en þó að frádregnum eiginfjárlætti C samkvæmt eiginfjárákvæðum sömu laga.

Fjárhagslega tengdir aðilar:

- tveir eða fleiri einstaklingar eða lögpersónur sem, nema sýnt sé fram á annað, mynda eina áhættu vegna þess að einn þeirra hefur þein eða óþein yfirráð yfir hinum, eða
- tveir eða fleiri einstaklingar eða lögpersónur þar sem enginn einn hefur yfirráð yfir hinum, eins og skilgreint eru í a. lið, en eru taldir mynda eina áhættu vegna þess að þeir eru svo fjárhagslega tengdir að líkur eru á að ef einn þeirra lendir í fjárhags-erfiðleikum eigi hinn aðilinn eða allir í greiðsluerfiðleikum.

Fjölþjóða þróunarbankar: Alþjóðabankinn, Alþjóðalánastofnunin, Endurreisnar- og þróunarbanki Evrópu, Fjárfestingarsjóður Evrópu, Fjárfestingarlánastofnun Ameríkuríkja, Norræni fjárfestingarbankinn, Þróunarbanki Afríku, Þróunarbanki Ameríkuríkja, Þróunarbanki Asíu, Þróunarbanki Mið-Ameríkuríkja og Viðreisnarsjóður Evrópuráðsins.

Fjármálafyrirtæki: Viðskiptabanki, sparisjóður, lánafyrirtæki, rafeyrisfyrirtæki, verðbréfafyrirtæki, verðbréfamíðlun eða rekstrarfélag verðbréfasjóða, sem fengið hefur starfsleyfi samkvæmt 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Stór áhættuskuldbinding: Áhættuskuldbinding fjármálafyrirtækis vegna einstaks viðskiptamanns eða fjárhagslega tengdra aðila, sem nemur 10% eða meira af eigin fé fyrirtækisins.

3. gr.

Stórar áhættuskuldbindingar vegna einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila mega ekki fara fram yfir 25% af eigin fé fjármálafyrirtækis. Teljist einhver hluti viðkomandi áhættuskuldbindingar vera staða í veltubók skal við mat á áhættugrunni fara með þá stöðu sem umframáhættu, sbr. ákvæði 7. kafla reglna Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárlutfall fjármálafyrirtækja.

Heildarfjárhæð stórra áhættuskuldbindinga má ekki fara yfir 800% af eigin fé fjármálafyrirtækis.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga ekki við um áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækja sem mynda samstæðu með hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki.

4. gr.

Við útreikning hlutfalla samkvæmt 1. og 2. mgr. 3. gr. er heimilt að undanskilja eftirtalda liði:

1. Kröfur á eða með ábyrgð ríkissjóða og seðlabanka á svæði A, sbr. viðauka II með reglum þessum, svo og kröfur á eða með ábyrgð Evrópusambandsins.
2. Kröfur á eða með ábyrgð ríkissjóða og seðlabanka á svæði B, sbr. viðauka II með reglum þessum, enda sé um að ræða kröfur í þarlandri mynt og sem fjármagnaðar eru í sömu mynt.
3. Kröfur tryggðar með handveði í innstæðum og innlánskírteinum útgefnum af fjármálafyrirtækinu sjálfu eða fjármálafyrirtæki sem er móðurfyrirtæki eða dótturfyrirtæki þess.
4. Kröfur tryggðar með handveði í verðbréfum útgefnum af aðilum sem tilgreindir eru í 1. tölulið.
5. Kröfur á eða með ábyrgð innlendra sveitarfélaga og sveitarfélaga og svæðisbundinna stjórnvalda á svæði A, sbr. viðauka II að 80% hluta.
6. Kröfur á fjármálafyrirtæki innan Evrópska efnahagssvæðisins, viðurkenndra verðbréfafyrirtækja utan Evrópska efnahagssvæðisins, skipulegra verðbréfamarkaða og viðurkenndra greiðslujöfnunarstöðva og kröfur með ábyrgð sömu aðila með lánstíma eftirstöðva að hámarki eitt ár. Kröfur með lánstíma eftirstöðva yfir einu ári og allt að þremur árum má undanskilja að 80% hluta, en kröfur með lánstíma eftirstöðva yfir þremur árum eða lengur má undanskilja að 50% hluta. Ákvæðin varðandi kröfur með lánstíma eftirstöðva lengri en eitt ár eru háð því skilyrði að kröfurnar séu í formi skuldaskjala sem eru gefin út af einhverjum þeirra aðila sem getið er í 1. málslið þessa töluliðar sem eru framseljanleg á markaði sem er starfræktur af viðurkenndum aðilum og að söluverð þeirra sé daglega skráð. Kröfur íslenskra sparisjóða með eftirstöðvatíma yfir einu ári á hendur eða með ábyrgð Sparisjóðabanka Íslands má þó undanskilja að 80% hluta. Víkjandi kröfur eru undanskildar ákvæðum þessa töluliðar.
7. Kröfur sem tryggðar eru á fullnægjandi hátt með veði í fullbúnu íbúðarhúsnæði sem lantaki nýtir eða leigir út allt að 50% af fasteignamati Fasteignamats ríkisins.
8. Kröfur tryggðar með handveði í verðbréfum öðrum en þeim sem tilgreind eru í 4. og 5. tölul. að því tilskyldu að þau séu ekki gefin út af viðskiptamanni fjármálafyrirtækis eða hópi tengdra viðskiptamanna. Verðbréfin þurfa að vera skráð á skipulegum verðbréfamarkaði. Þau skulu metin á markaðsvirði og vera meira virði en áhættunarnar sem tryggðar eru. Umframverð sem krafist er skal vera 100%. Þó skal það vera 150% þegar um hlutabréf er að ræða og 50% þegar um er að ræða skuldabréf útgefin af lánastofnunum,

sveitarstjórnnum, sbr. 5. tölul., Fjárfestingarbanka Evrópu og fjölþjóða þróunarbönkum. Víkjandi kröfur eru undanskildar ákvæðum þessa töluliðar.

9. Þann hluta sölutryggingar verðbréfaútgáfu sem nemur niðurfærslu samkvæmt 1. mgr. 32. gr. í reglum Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárlutfall fjármálafyrirtækja.
10. Liði utan efnahagsreiknings samkvæmt lið B.3. í viðauka I með reglum þessum að 50% hluta.
11. Liði utan efnahagsreiknings samkvæmt lið B.4. í viðauka I með reglum þessum að undanskildum ónotuðum yfirdráttarheimildum, enda leiði samningur um lánsheimild eða sambærilega skuldbindingu við viðskiptamann eða fjárhagslega tengda aðlila ekki til þess að áhættuskuldbinding vegna viðkomandi aðila fari yfir mörkin sem miðað er við í 3. gr.
12. Áhættuskuldbindingar í gjaldeyrisviðskiptum sem verða til í tengslum við eðlilegt uppgjör á 48 klukkustundum eftir greiðslu og áhættur í viðskiptum vegna kaupa og sölu á verðbréfum sem verða til í tengslum við eðlilegt uppgjör á fimm virkum dögum eftir greiðslu verðbréfanna, eða afhendingu þeirra, ef sú dagsetning fer á undan.

5. gr.

Fari áhættuskuldbindingar yfir þau mörk sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 3. gr. skal það tilkynnt Fjármálaeftirlitinu sem er þá heimilt, ef aðstæður leyfa, að veita hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki tiltekinn frest til að laga sig að gildandi takmörkum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 3. gr. gilda ákvæði 7. kafla reglna Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárlutfall fjármálafyrirtækja að því er varðar heimildir til að fara yfir tilgreind mörk.

6. gr.

Fjármálafyrirtæki skulu hafa yfir að ráða traustu stjórnunar- og upplýsingakerfi og innra eftirlitakerfi þar sem allar stórar áhættuskuldbindingar og breytingar á þeim eru auðkenndar og skráðar þannig að unnt sé að hafa eftirlit með þeim.

7. gr.

Fjármálafyrirtæki skulu senda Fjármálaeftirlitinu eigi sjaldnar en ársfjórðungslega, þ.e. miðað við lok mars, júní, september og desember, skýrslu um stórar áhættuskuldbindingar einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila á því formi sem það ákveður. Skýrsla samkvæmt 1. málsl. skal hafa borist Fjármálaeftirlitinu eigi síðar en 30 dögum frá uppgjorsdegi. Fjármálafyrirtækjum með heildareignir lægri en 20 ma. kr. er þó heimilt að skila skýrslu hálfárslega enda séu stórar áhættuskuldbindingar eins aðila eða tengdra aðila lægri en 20% af eigin fé. Rekstrarfélög verðbréfasjóða skulu þó einungis skila skýrslu hálfárslega.

8. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 4. mgr. 30. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur þá úr gildi reglugerð nr. 34/2002 um hámark lána og ábyrgða lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfabjónustu.

Fjármálaeftirlitinu, 30. júní 2003.

Páll Gunnar Pálsson.

Ragnar Hafliðason.

VIÐAUKI I

Eignaliðir og liðir utan efnahagsreiknings sem vísað er til við skilgreiningu á áhættuskuldbindingu í 2. gr. reglnanna.

- A. Liðir innan efnahagsreiknings.
Allir eignaliðir í efnahagsreikningi.
- B. Liðir utan efnahagsreiknings aðrir en vaxta- og gjaldeyrissamningar, sbr. C. lið.
- B.1. Mikil áhætta
- ábyrgðir sem jafna má til beinna lána,
 - samþykktir víxlar,
 - sölu- og endurkaupatryggingar þar sem lánaáhættan helst hjá fjármálafyrirtækinu, og
 - aðrir liðir með mikla áhættu.
- B.2. Miðlungsáhætta
- útgefnar skjalaábyrgðir og staðfestar skjalaábyrgðir,
 - ábyrgðir og tryggingar (þar með taldar tilboðs-, fullnustu-, tolla- og skattaábyrgðir) og ábyrgðir sem ekki verður jafnað til beinna lána,
 - ónotaðar lánsheimildir (skuldbindingar um að lána, kaupa verðbréf, afla trygginga eða samþykkis á víxla) upphaflega til lengri tíma en 1 árs, og
 - sölutryggingar vegna verðbréfaútgáfu og hlaupandi sölutryggingar vegna verðbréfa, og
 - aðrir liðir með miðlungsáhættu.
- B.3. Miðlungslítill áhætta
- skjalaábyrgðir þar sem vörusending er sett sem veð og önnur áþekk viðskipti.
 - aðrir liðir með miðlungs/litla áhættu.
- B.4. Lítil áhætta
- ónotaðar lánsheimildir (skuldbindingar um að lána, kaupa verðbréf, afla trygginga eða samþykkis á víxla) upphaflega til eins árs eða skemmri tíma eða sem hægt er að segja upp skilyrðislaust án fyrirvara hvenær sem er, og
 - aðrir liðir með litla áhættu.
- C. Vaxtasamningar og gjaldeyrissamningar.
- C.1. Vaxtasamningar.
- vaxtaskipti innan sama gjaldmiðils,
 - „Basis“ vaxtaskiptasamningar,
 - framvirkir vaxtasamningar,
 - samningar um vaxtaviðskipti í framtíðinni,
 - keyptur valréttur að vöxtum, og
 - aðrir svipaðir samningar.
- C.2. Gjaldyrissamningar að undanskildum samningum til 14 daga eða skemmri tíma
- vaxtaskipti milli gjaldmiðla,
 - framvirkir gjaldeyrissamningar,
 - samningar um gjaldeyrisviðskipti í framtíðinni,
 - keyptur valréttur að erlendum gjaldeyri, og
 - aðrir svipaðir samningar.
- C.3. Samningar sem eru í eðli sínu svipaðir þeim sem um getur í staflíðum a. til e. í lið C.1. og staflíðum a. til d. í lið C.2., en miðast við aðra viðmiðunarliði eða vísitölur er varða:
- hlutabréf,
 - góðmálma, að gulli undanskildu,
 - aðrar hrávörur en góðmálma, og
 - aðra eðlislíka samninga.

D. Útreikningur á áhættu í tengslum við vaxta- og gjaldeyrissamninga. Þegar um er að ræða vaxtasamninga og gjaldeyrissamninga, sbr. C. lið, skal áhættan vera hin sama og útlánaígildi slíkra samninga. Útlánaígildi slíkra samninga skal reikna samkvæmt aðferð markaðsvirðis eða aðferð upprunalegrar áhættu, sbr. 14. gr. reglna Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárhlutfall fjármálafyrirtækja, án beitingar vægis vegna viðkomandi mótaðila.

VIÐAUKI II

Flokkun ríkja í svæði A og B, sbr. 4. gr. regnanna.

Eftirtalin ríki falla undir svæði A:

(Ríki sem þurfa að skuldbreyta erlendum skuldum sínum eru útilokuð frá svæði A í 5 ár frá þeim tíma.)

Austurríki	Ítalía	Spánn
Ástralía	Japan	Stóra Bretland
Bandaríkin	Kanada	Suður Kórea
Belgía	Lúxemborg	Sviss
Danmörk	Mexikó	Svíþjóð
Finnland	Noregur	Tékkland
Frakkland	Nýja-Sjáland	Tyrkland
Grikkland	Portúgal	Ungverjaland
Holland	Pólland	Þýskaland
Írland	Saudi-Arabía	
Ísland	Slóvakía	

Svæði B:

Öll önnur ríki en þau sem falla undir svæði A.

REGLUR

um endurskoðun fjármálafyrirtækja.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Reglur þessar ná til endurskoðunar fjármálafyrirtækja en með fjármálafyrirtækjum er átt við viðskiptabanka, sparisjóði, lánafyrirtæki, rafeyrisfyrirtæki, verðbréfafyrirtæki, verðbréfamíðlanir og rekstrarfélög verðbréfasjóða, sbr. ennfremur 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Reglur þessar eru skilgreining á meginatriðum í góðri endurskoðunarvenju hjá fjármálafyrirtækjum sbr. 93. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Reglur þessar eru einnig leiðbeinandi hvað varðar skipulagningu, framkvæmd og áritun um könnun á árshlutareikningum sömu fyrirtækja.